

Hafnafirði, 12. desember 2022

**Efni: Málefni utangarðsfólks. Svör við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar.**

Svör við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar sem lagðar voru fram á fundi fjölskylduráðs þann 26. október 2022

**1. Hversu mörg stöðugildi í stjórnkerfi og þjónustu Hafnarfjarðarbæjar eru tileinkuð málefnum utangarðsfólks og heimilislausra einstaklinga?**

Starfsfólk ráðgjafar- og húsnæðisteymi sinnir þjónustu við heimilislaust fólk með fjölþættan vanda. Í teyminu starfa 5 ráðgjafar auk deildarstjóra. Teymið sinnir auk þess húsnæðismálum, félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð o.fl. Ekki eru málefni heimilislausra eyrnamerkir ákveðnum starfsmanni en málin unnin í teyminu. Í stuðnings- og stoðþjónustuteymi eru starfandi fimm ráðgjafar auk deildarstjóra. Málefni heimilislausra og fólks með fjölþættan vanda koma þar einnig til úrlausnar. Lögð er áhersla á þverfaglega vinnu bæði innan og milli teyma.

**2. eru einhver sértæk úrræði í boði í Hafnafirði fyrir heimilislausa, svo sem gistiskýli?**

Gistiskýli er ekki staðsett í Hafnafirði en sveitarfélagið gerði samning við Reykjavíkurborg árið 2017 um greiðslu gistináttagjalds í neyðarathvörfum borgarinnar fyrir heimilislausa. Samningurinn felur það í sér að einstaklingar með lögheimili í Hafnafirði fá aðgang að Gistiskýlinu á Lindargötu og í Konukoti á meðan húsrúm leyfir.

**3. eru einhver önnur sértæk úrræði í boði í Hafnafirði fyrir heimilislausa, s.s. kaffistofur og súpueldhús?**

Kaffistofa Samhjalpar er staðsett í Borgartúni 1a og er opin alla daga frá kl. 10-14. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu margir Hafnafirðingar leita til Kaffistofunnar. Haustið 2020 sóttu Hafnarfjarðarbær, Reykjavíkurborg og Kópavogsbær um styrk til Jöfnunarsjóðs til að þjónusta jaðarsetta einstaklinga sem koma frá öllum landshlutum. Komið var upp aðstöðu fyrir hópinn yfir daginn þar sem hann getur komið saman og fengið hádegismat og aðra þjónustu. Sveitarfélögin vinna í samstarfi við Hjálpræðisherinn sem býður hópnum aðstöðu í nýju húsnæði að Suðurlandsbraut 72. Sveitarfélögin í samvinnu við félagsmálaráðuneytið réðu fjóra starfsmenn í sex mánuði sem sjá um að þjónusta hópinn. Starfsmennirnir voru ráðnir af atvinnuleysisskrá og með ráðningarstyrk frá VMST.

#### **4. Er Hafnarfjarðarbær þátttakandi eða aðili að einhverjum þjónustusamningum við þriðja aðila, s.s. félagasamtök eða önnur sveitarfélög um þjónustu við fyrrgreindan hóp?**

Hafnarfjarðarbær styrkir árlega verkefnið Frú Ragnheiði-skaðaminnkun sem er verkefni á vegum Rauða krossins sem hefur það markmið að ná til jaðarsettra hópa í samfélaginu eins og heimilislausra einstaklinga og einstaklinga sem nota vímuefni í æð.

Einnig má nefna að á fundi fjölskylduráðs þann 16.júní sl. var eftirfarandi bókun gerð varðandi málefni heimilislausra:

*„Fjölskylduráð hefur lagt á það áherslu að fundin verði lausn á húsnæðisvanda utangarðsfólks. Ráðið hefur m.a. bókað að rætt verði við nágrannasveitarfélögin varðandi samstarf og að hafin verði undirbúningur að uppsetningu smáhýsa fyrir þennan hóp.*

*Velferðanefnd Kópavogs bókaði á fundi sínum þann 31.05.2021: „ Velferðarráð tekur undir fyrirliggjandi greinargerð um nauðsyn þess að stofna til viðeigandi húsnæðisúrræða sem mæta þörfum íbúa sem glíma við alvarlegan fjáknivanda og annan vanda með áherslu á bata og endurhæfingu í búsetu. Um langtíma verkefni er að ræða og leggur ráðið áherslu á áframhaldandi samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna framgangs þess og eru Hafnarfjörður og Garðabær nefnd þar sérstaklega. Lagt er til að sveitarfélögin ráði sameiginlega sérstakan verkefnastjóra til að vinna að framgangi verkefnisins, þ.m.t. undirbúningi, innleiðingu og framkvæmd í samræmi við stefnu sveitarfélaganna í málaflokknum.“*

*Fjölskylduráð tekur undir þessa bókun velferðanefndar í Kópavogi og felur sviðsstjóra, í samvinnu við sviðsstjóra í Kópavogi og Garðabæ, að kostnaðargreina hvað verkefnastjóri mun kosta sveitarfélögin og leggja fram tillögu að skiptingu á kostnaði milli sveitarfélaganna.*

*Málið hefur einnig verið rætt á vettvangi SSH og er einhugur stjórnenda í velferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu um áherslur.“*

Í ljósi ofangreindrar bókunar var Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir ráðin sem verkefnastjóri á vegum samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) til að setja saman samstarfshóp er varðar málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Hér er um mikilvægt verkefni að ræða á vegum sveitarfélaganna og er samstarfshópurinn enn að störfum.

#### **5. Hversu mikil útgjöld eru áætluð í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar vegna úrræða og þjónustu við fyrrgreindan hóp?**

Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar eru útgjöld ekki aðgreind vegna úrræða og þjónustu við þennan hóp.

Hafnarfirði, 12. desember 2022

Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri